

# Gerðardómur

## í máli Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs árið 2011

### GREINARGERÐ OG DÓMSORÐ

#### I. Skipan gerðardómsins og umboð

Með bréfi dags. 17. ágúst 2011 tilkynnti Ríkissáttasemjari um skipan gerðardóms á grundvelli ákvæðis í kjarasamningi Landssambands lögreglumanna (LL) og fjármálaráðherra frá 13. júlí 2001 en sem kunnugt er njóta lögreglumenn ekki verkfallsréttar.

Þann 30. nóv. 2010 rann út kjarasamningur aðila sem úrskurðaður hafði verið með gerðardómsorði frá 2. júní 2010. Viðræður milli aðila báru ekki árangur og lauk þeim með því að LL fór þess á leit við ríkissáttasemjara að hann skipaði dóminn.

#### II. Reifun málsins

Í 5. og 6. gr. fylgiskjals með kjarasamningunum frá 13. júlí 2001 um störf gerðardómsins segir að dómurinn setji sér sjálfur starfsreglur og að hann skuli hafa til hliðsjónar þær tillögur sem aðilar hafa lagt fram. Dómurinn setti sér m.a. reglur um atkvæðagreiðslu og beindi ennfremur til aðila beiðni um frekari gögn en þau sem þegar voru í málinu og var orðið við henni. Þá gaf dómurinn aðilum kost á framlagningu viðbótargagna að eigin frumkvæði.

Af hálfu LL er aðalkrafan sú að kjör þeirra verði löguð að kjörum viðmiðunarhópa þar á meðal tollvarða svo að kjaraleg staða þeirra frá 2001 haldist en það ár gerðu aðilar með sér samkomulag um núverandi tilhögun gerðardómsins. Þar segir að við upphaf viðræðuáætlunar aðila geti hvor aðili um sig óskað eftir því að fyrir liggja mat óháðs aðila, t.d. Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, á því hvort lögreglumenn hafi haldið kjaralegri stöðu sinni til jafns við aðra opinbera starfsmenn sem falla undir lög nr. 94/1986. Skuli aðilar hafa það mat til hliðsjónar í viðræðum sín á milli um endurnýjun og/eða breytingar á kjarasamningi. Ekki náðist samkomulag milli aðila m.a. um það tímabil sem liggja skyldi til grundvallar hinu óháða mati. Lagði LL fram mat Talnakönnunar sem nær aftur til 2001. Þar kemur m.a. fram að á árunum 2001 – 2010 hafa dagvinnulaun lögreglumanna hækkað um 81%, BSRB um 85%, en aðrar stéttir sem teknar voru til samanburðar og eru utan opinbera geirans hafa hækkað um 89%.

Af hálfu fulltrúa fjármálaráðherra var lagt fram mat sem Hagfræðistofnun gerði að þeirra beiðni á kjaralegri stöðu lögreglumanna frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010. Töldu þeir rétt að matið næði einungis frá upphafi síðasta samnings skv. úrskurði gerðardóms en óeðlilegt að eldri tímabil yrðu ítrekað endurmetin. Niðurstaða matsins var m.a. að dagvinnulaun BSRB í heild hefðu hækkað á tímabilinu um 5,75% en Landssambands lögreglumanna um 4,58%.

### III. Mat tölugagna og niðurstaða dómsins

Í samningaviðræðunum höfðu aðilar náð samkomulagi um ýmis kjaraatriði. Í lok viðræðnanna lágu fyrir drög að kjarasamningi en ágreiningurinn var fyrst og fremst um launaliðinn. Var málinu vísað til gerðardómsins af þeim sökum.

Dómurinn hefur í starfi sínu sérstaklega litið til talnaefnis um þróun kjara lögreglumanna og viðmiðunarhópa þeirra bæði frá upphafi síðasta samningstímabils og lengra aftur. Samanburður frá upphafi síðasta samningstímabils leiðir í ljós veikari kjaralega stöðu lögreglumanna gagnvart viðmiðunarhópunum.

Sammanburður gagna yfir fleiri ár aftur í tímann er ýmsum annmörkum háður m.a. vegna ólíks talnagrunns, svo og breytinga innan og milli hópanna á tímabilinu. Þó má ráða af talnaefninu að á vantar að kjaraleg staða lögreglumanna gagnvart viðmiðunarhópunum hafi haldist.

Má líta svo á að hækkun launatöflu sem stafar af breyttri uppbyggingu hennar, svo og hækkun hinnar sérstöku álagsgreiðslu henni til viðbótar, taki mið af framangreindu.

Eftir að hafa virt þróun kjaralegrar stöðu lögreglumanna bæði til lengri og skemmri tíma hefur dómurinn komist að niðurstöðu um eftirfarandi:

## DÓMSORÐ

Lokadrög samkomulags milli aðila er lögð voru fram á samningafundi þeirra 27. júní 2011 ásamt launatöflum, með þeim almennu og sérstöku hækkunum sem fyrir lágu sbr. skýringar sem þeim fylgja, skulu gilda sem kjarasamningur milli þeirra með þessum breytingum :

1. Sérstök álagsgreiðsla lögreglumanna, sem fjallað er um í 4. gr. í lokadrögum dags. 27. júní 2011, skal hækka um 13.000 kr. og vera samtals 28.600 kr. á mánuði fyrir fullt starf og greiðast í réttu hlutfalli við starfshlutfall á hverjum tíma. Álagsgreiðslan tekur hækkunum samkvæmt áfangahækkunum launa frá 1. mars 2012.

Á samningstímanum skuli aðilar leita leiða til að fella 13.000 kr. hækkun álagsgreiðslunnar með áföllnum hækkunum inn í grunnlaun lögreglumanna.

2. 15. gr. orðist svo:

#### Gildistími gerðardómsins

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma dóms þessa skal aðilum heimilt að segja sig frá dómi þessum með sérstakri yfirlýsingu til gagnaðilans fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan dóm.

3. Bókanir 1 - 5 sem aðilar urðu sammála um meðan á samningaviðræðum stóð skulu teljast sem hluti dómsins nema annar eða báðir aðilar hreyfi mótmælum.

Reykjavík 23. september 2011

Tillaga að framangreindri greinargerð og dómsorði var borin upp af formanni dómsins og samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.



Þórir Einarsson  
formaður dómsins  
tilnefndur af Ríkissáttasemjara



Sverrir Jónsson meðdómari  
tilnefndur af fjármálaráðherra



Snorri Magnússon meðdómari  
tilnefndur af Landssambandi lögreglumanna  
greiðir atkvæði gegn tillögunni

**Bókun fulltrúa fjármálaráðherra:**

Samkvæmt eðli gerðardómsins og skipan er hefðbundið að formaður hafi stöðu oddamanns á þann hátt að aðrir fulltrúar greiði ekki atkvæði um þá niðurstöðu sem hann setur fram. Grunnreglur dómsins frá 2001 kveða þó ekki á um þennan hefðbundna hátt um atkvæðagreiðslu um niðurstöðu dómsins. Þar sem fulltrúi Landssambands lögreglumanna vill víkja frá þessari hefð með því að greiða atkvæði eftir afstöðu sinni í stað þess að sætta sig við niðurstöðu formanns sér fulltrúi fjármálaráðuneytisins sér ekki annað fært en að greiða atkvæði með tillögu formanns. Ella fengi deilan ekki þær lyktir sem samningar kveða á um og óvissa skapaðist.

Fylgiskjal: Samningsdrög aðila frá 27. júní 2011 ásamt bókunum og fylgiskjali.



Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

annars vegar  
og

Landssamband lögreglumanna

hins vegar  
gera með sér svofellt

## SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

### 1. gr. Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

### 2. gr. Eingreiðsla

Eftir samþykkt samnings greiðist eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 – apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

### 3. gr. Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- 1.6.2011: 4,25% og 12.000 kr. lágmark, sbr. útfærslu í fylgiskjali 1.
- 1.3.2012: 3,50% eða 11.000 kr. að lágmarki.
- 1.3.2013: 3,25% eða 11.000 kr. að lágmarki.
- 1.3.2014: Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

### 4. gr.

#### Ný grein samkvæmt úrskurði gerðardóms dags. 2. júní 2010

Ný grein bætist við gr. 1.3 sem hljóðar svo:

#### 1.3.2 Sérstök álagsgreiðsla

Greiða skal lögreglumönnum sérstaka álagsgreiðslu. Álagsgreiðslan er 15.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf og greiðist í réttu hlutfalli við starfshlutfall á hverjum tíma. Álagsgreiðslan tekur hækkunum samkvæmt áfangahækkunum launa frá 1. júní 2011.

bls. 1 af 5

**5. gr.**  
**Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	48.800 kr.	sérstakt álag	15.000 kr.
Á árinu 2012	50.500 kr.		
Á árinu 2013	52.100 kr.		

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	26.900 kr.	sérstakt álag	10.000 kr.
Á árinu 2012	27.800 kr.		
Á árinu 2013	28.700 kr.		

**6. gr.**  
**Frí í stað yfirvinnu**

Frá 1. júní breytist grein 2.3.9 og verður sem hér segir:

- 2.3.9 Heimilt er lögreglumanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Samkomulag skal vera um töku frísins og það skipulagt þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi stofnunar. Frí samkvæmt framansögðu, vegna undanfarandi almanaksárs, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, eða við starfslok, skal greitt út á dagvinnutaxta viðkomandi lögreglumanns við næstu reglulegu útborgun.

**7. gr.**  
**Bakvaktaskylda lögreglumanna**

Frá samþykkt samningsins bætist ný grein 2.5.7 við bakvaktarkafla sem orðist svo:

- 2.5.7 Lögreglumönnum, 55 ára og eldri, er heimilt að hafna því að vera á bakvakt.

**8. gr.**  
**Matar- og kaffitímar vaktavinnumanna**

Frá 1. mars 2012 breytist gr. 2.6.11 og verður sem hér segir:

- 2.6.11 Lögreglumenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Lögreglumönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna þessarar takmörkunar skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

**9. gr.**  
**Orlofssjóður**

Frá 1. júní 2011 hækkar iðgjald í orlofssjóð úr 0,25% í 0,30%.

## 10. gr. Fæðisfé

- 3.4.4 Lögreglumaður sem hefur ekki aðgang að matstofu en ætti að hafa það skv. gr. 3.4.1, skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. fyrir hvern vinnuskyldudag enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:
1. Vinnuskylda lögreglumanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
  2. Lögreglumaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
  3. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst.

Frá 1. mars 2012 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.5 og hljóðar svo:

- 3.4.5 Lögreglumaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema 380 kr. enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1.

Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 3.4 ný grein sem verður gr. 3.4.6 og hljóðar svo:

- 3.4.6 Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matvörulið vísitölu neysluverðs (01 Matur og drykkjarvörur) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (140,7 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

Núverandi greinar 3.4.5 og 3.4.6 verða 3.4.7 og 3.4.8.

## 11. gr.

### Ferðatími erlendis

Frá 1. júní 2011 bætist við kafla 5 ný grein sem verður gr. 5.5. Númer annarra greina breytist í samræmi við það.

### 5.5 Ferðatími erlendis

- 5.5.1 Þegar lögreglumaður fer utan að frumkvæði vinnuveitanda og á vegum hans skulu greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með eftirfarandi hætti:

Sé brottför flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða heimkoma eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33,33% álagi skv. gr. 1.6.1 fyrir hvort tilvik.

Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% álagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Heimilt er að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma þannig að 33,33% álag jafngildir 20 mínútna fríi og 55% álag jafngildir 33 mínútna fríi.

## 12. gr.

### Lögregluskóli ríkisins

Grein 10.1.1 var felld brott með breytingu á lögreglulögum nr. 16/2011. Númer annarra greina breytist í samræmi við það.



**13. gr.**  
**Fræðslu- og starfsþróunarsjóður**

Frá 1. júní 2011 breytist gr. 10.4.1 og verður sem hér segir:

10.4.1 Vinnuveitandi greiðir sérstakt gjald í Fræðslu- og starfsþróunarsjóð lögreglumanna. Gjald þetta skal nema 0,25% af heildarlaunum félaga í LL.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum aðilum, tveimur frá Landssambandi lögreglumanna, einum frá Lögreglustjórafélagi Íslands og einum frá innanríkisráðuneyti.

Hlutverk sjóðsins er að styðja við sí- og endurmenntun lögreglumanna m.a. með því að veita styrki til lögreglumanna á landsbyggðinni sem stunda framhaldsnám í Lögregluskóla ríkisins eða sækja fræðslu- og þjálfunarnámskeið að beiðni lögreglustjóra og þurfa að búa fjarri heimilum sínum. Heimilt er að veita slíka styrki þegar kennarar/þjálfarar á námskeiðum á vegum Lögregluskóla ríkisins fara um landið til að kenna viðurkennt námsefni á vegum Lögregluskólans. Stjórn sjóðsins skal setja sér nánari starfsreglur í samræmi við hlutverk sjóðsins.

Reykjavík og svæði til og með Borgarnesi og Selfossi teljast ekki til landsbyggðar í þessu tilliti.

Frá 1. mars 2012 hækkar iðgjald í fræðslu- og starfsþróunarsjóð úr 0,25% í 0,30%.

**14. gr.**  
**Þrekálag**

Þrekálag, sbr. fylgiskjal 2 með kjarasamningi aðila dags. 22. október 2008, skal taka hækkunum samkvæmt áfangahækkunum launa frá 1. júní 2011.

**15. gr.**  
**Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 18. júlí 2011 skoðast hann samþykktur.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja upp samningnum fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Reykjavík, 30. júní 2011

f.h. fjármálaráðherra  
með fyrirvara um samþykki

f.h. Landssambands lögreglumanna  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

**Bókanir með kjarasamningi  
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
og  
Landssambands lögreglumanna  
dags. 30.júní 2011**

**Bókun 1**

Fjármálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að stofnanir ríkisins setji verklagsreglur svo sem um fjarveru lögreglumanna vegna andláts nákomins ættingja, tæknifrjóvgunar og áfengismeðferðar. Vegna þessa verður öllum stofnunum sent bréf á haustmánuðum 2011 þar sem fram koma kröfur ráðuneytisins til stofnana hvað þetta varðar.

**Bókun 2**

Vegna eðlis lögreglustarfa er lögreglumönnum nauðsynlegt að vera í góðu líkamlegu formi og hafa tækifæri til að viðhalda því. Þetta er áréttað bæði með greiðslu þrekálags skv. fylgiskjali 2 með kjarasamningi aðila frá 22. október 2008, í starfsmannastefnu lögreglunnar, áherslum Landssambands lögreglumanna og er rökrétt framhald af inntökuskilyrðum Lögregluskólans.

Aðilar eru sammála um að vísa því til lögregluembætta að útfæra, í samráði við Landssamband lögreglumanna, með hvaða hætti þeim verði auðveldað að sinna líkamspjálfun í starfstíma sínum eftir því sem við verður komið.

**Bókun 3**

Í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur um hugsanlegar breytingar á lögregluumdæmum, telja aðilar eðlilegt að komi til þeirra verði sameiningarferlið byggt á þeim sjónarmiðum sem fram koma í riti fjármálaráðuneytisins frá árinu 2008, „Sameining stofnana og tengdar breytingar“.

**Bókun 4**

Samningsaðilar munu gefa út sameiginlegan uppfærðan heildartexta kjarasamningsins, t.d. m.t.t. fylgiskjals 2 með kjarasamningi aðila frá 22. október 2008. Stefnt skal að þeirri vinnu verði lokið eigi síðar en á vormánuðum 2012.

**Bókun 5**

Aðilar telja tímabært að endurskoða reglur Fræðslu- og starfsþróunarsjóðs lögreglumanna í ljósi reynslunnar. Því munu þeir beina því til stjórnar sjóðsins að hún yfirfari reglur sjóðsins.

Við þá endurskoðun verði haft að leiðarljósi heildarsýn á framtíðarskipan menntunarstigs lögreglumanna, m.a. staðsetningu hennar innan menntakerfisins.

Þessari vinnu verði hraðað eftir föngum.



# Landssamband lögreglumanna

Launatafla sem tekur gildi 1. júní 2011

4,25% hækkun að viðbættum 0,85% en tryggt að engin hækki minna en 12 þúsund.

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	190.813	194.276	197.739	201.201	204.664	207.177	209.640	212.153	213.716
02	197.739	201.375	205.011	207.697	209.383	213.019	214.755	216.491	220.127
03	205.011	207.879	209.747	212.664	215.482	217.400	220.218	223.035	224.953
04	209.747	212.856	215.864	217.973	220.982	222.990	226.099	229.208	231.216
05	215.864	218.173	221.382	223.591	226.000	229.210	232.419	236.704	241.092
06	221.382	223.802	226.421	228.841	233.260	237.800	242.407	247.015	251.622
07	226.421	229.062	233.702	238.492	243.329	248.167	253.004	257.842	262.680
08	233.702	238.733	243.812	248.893	253.972	259.052	264.131	269.211	274.290
09	243.812	249.146	254.479	259.814	265.147	270.481	275.814	281.148	286.481
10	254.479	260.080	265.680	271.280	276.881	282.481	288.081	293.682	299.282
11	265.680	271.561	277.440	283.321	289.201	295.082	300.961	305.800	310.638
12	277.440	283.615	289.789	295.964	302.137	307.269	312.402	317.533	322.665
13	289.789	296.272	302.754	308.195	313.636	318.034	323.474	328.394	334.877
14	301.987	307.747	313.505	318.223	323.989	329.235	336.048	342.865	349.671
15	312.669	317.726	323.829	329.411	336.564	343.717	350.867	358.020	365.167
16	322.922	328.863	336.368	343.873	351.378	358.883	366.388	373.892	381.397
17	336.368	344.248	352.128	360.009	367.889	375.768	383.648	391.529	399.409
18	352.128	360.403	368.677	376.950	385.225	393.499	401.773	410.048	418.322
19	368.677	377.365	386.052	394.741	403.429	412.116	420.804	429.492	438.179
20	386.052	395.174	404.297	413.419	422.541	431.664	440.786	449.908	459.030
21	404.297	413.876	423.454	433.033	442.611	452.189	461.767	471.346	480.924
22	423.454	433.511	443.569	453.626	463.683	473.740	483.798	493.855	503.912
23	443.569	454.130	464.689	475.250	485.810	496.370	506.930	517.491	528.050
24	464.689	475.777	486.865	497.953	509.042	520.130	531.218	542.306	553.394
25	486.865	498.508	510.151	521.793	533.436	545.078	556.721	568.363	580.005
26	510.151	522.375	534.600	546.825	559.049	571.274	583.499	595.723	607.948
27	534.600	547.437	560.272	573.108	585.944	598.780	611.616	624.452	637.288
28	560.272	573.749	587.228	600.705	614.183	627.660	641.139	654.616	668.093
29	587.228	601.380	615.531	629.683	643.834	657.986	672.137	686.289	700.441
30	615.531	630.389	645.249	660.108	674.968	689.826	704.686	719.545	734.404

Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2012

3,50% hækkun að viðbættum 0,50% en tryggt að engin hækki minna en 11 þúsund.

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	201.813	205.276	208.739	212.201	215.664	218.177	220.640	223.153	224.716
02	208.739	212.375	216.011	218.697	220.383	224.019	225.755	227.491	231.127
03	216.011	218.879	220.747	223.664	226.482	228.400	231.218	234.035	235.953
04	220.747	223.856	226.864	228.973	231.982	233.990	237.099	240.208	242.216
05	226.864	229.173	232.382	234.591	237.000	240.210	243.419	247.704	252.092
06	232.382	234.802	237.421	239.841	244.260	248.800	253.407	258.015	262.622
07	237.421	240.062	244.702	249.492	254.329	259.167	264.004	268.842	273.680
08	244.702	249.733	254.812	259.893	264.972	270.052	275.131	280.211	285.290
09	254.812	260.146	265.479	270.814	276.147	281.481	286.814	292.148	297.481
10	265.479	271.080	276.680	282.280	287.881	293.481	299.081	304.811	310.607
11	276.680	282.561	288.440	294.321	300.201	306.260	312.345	317.353	322.360
12	288.440	294.615	300.789	307.173	313.562	318.873	324.186	329.497	334.808
13	300.789	307.492	314.200	319.832	325.463	330.015	335.646	340.738	347.448
14	313.148	319.107	325.065	329.946	335.915	341.345	348.399	355.457	362.501
15	323.918	329.150	335.466	341.243	348.648	356.053	363.454	370.860	378.257
16	334.224	340.373	348.141	355.909	363.676	371.444	379.212	386.978	394.746
17	348.141	356.297	364.452	372.609	380.765	388.920	397.076	405.233	413.388
18	364.452	373.017	381.581	390.143	398.708	407.271	415.835	424.400	432.963
19	381.581	390.573	399.564	408.557	417.549	426.540	435.532	444.524	453.515
20	399.564	409.005	418.447	427.889	437.330	446.772	456.214	465.655	475.096
21	418.447	428.362	438.275	448.189	458.102	468.016	477.929	487.843	497.756
22	438.275	448.684	459.094	469.503	479.912	490.321	500.731	511.140	521.549
23	459.094	470.025	480.953	491.884	502.813	513.743	524.673	535.603	546.532
24	480.953	492.429	503.905	515.381	526.858	538.335	549.811	561.287	572.763
25	503.905	515.956	528.006	540.056	552.106	564.156	576.206	588.256	600.305
26	528.006	540.658	553.311	565.964	578.616	591.269	603.921	616.573	629.226
27	553.311	566.597	579.882	593.167	606.452	619.737	633.023	646.308	659.593
28	579.882	593.830	607.781	621.730	635.679	649.628	663.579	677.528	691.476
29	607.781	622.428	637.075	651.722	666.368	681.016	695.662	710.309	724.956
30	637.075	652.453	667.833	683.212	698.592	713.970	729.350	744.729	760.108



Launatafla sem tekur gildi 1. mars 2013

3,25% hækkun eða 11 þúsund að lágmarki

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	212.813	216.276	219.739	223.201	226.664	229.177	231.640	234.153	235.716
02	219.739	223.375	227.011	229.697	231.383	235.019	236.755	238.491	242.127
03	227.011	229.879	231.747	234.664	237.482	239.400	242.218	245.035	246.953
04	231.747	234.856	237.864	239.973	242.982	244.990	248.099	251.208	253.216
05	237.864	240.173	243.382	245.591	248.000	251.210	254.419	258.704	263.092
06	243.382	245.802	248.421	250.841	255.260	259.800	264.407	269.015	273.622
07	248.421	251.062	255.702	260.492	265.329	270.167	275.004	279.842	284.680
08	255.702	260.733	265.812	270.893	275.972	281.052	286.131	291.211	296.290
09	265.812	271.146	276.479	281.814	287.147	292.481	297.814	303.148	308.481
10	276.479	282.080	287.680	293.280	298.881	304.481	310.081	315.811	321.607
11	287.680	293.561	299.440	305.321	311.201	317.260	323.345	328.353	333.360
12	299.440	305.615	311.789	318.173	324.562	329.873	335.186	340.497	345.808
13	311.789	318.492	325.200	330.832	336.463	341.015	346.646	351.812	358.740
14	324.148	330.107	336.065	340.946	346.915	352.439	359.722	367.009	374.282
15	334.918	340.150	346.466	352.333	359.979	367.625	375.266	382.913	390.550
16	345.224	351.435	359.456	367.476	375.495	383.516	391.536	399.555	407.575
17	359.456	367.877	376.297	384.719	393.140	401.560	409.981	418.403	426.823
18	376.297	385.140	393.982	402.823	411.666	420.507	429.350	438.193	447.034
19	393.982	403.267	412.550	421.835	431.119	440.403	449.687	458.971	468.254
20	412.550	422.298	432.047	441.795	451.543	461.292	471.041	480.789	490.537
21	432.047	442.284	452.519	462.755	472.990	483.227	493.462	503.698	513.933
22	452.519	463.266	474.015	484.762	495.509	506.256	517.005	527.752	538.499
23	474.015	485.301	496.584	507.870	519.154	530.440	541.725	553.010	564.294
24	496.584	508.433	520.282	532.131	543.981	555.831	567.680	579.529	591.378
25	520.282	532.725	545.166	557.608	570.049	582.491	594.933	607.374	619.815
26	545.166	558.229	571.294	584.358	597.421	610.485	623.548	636.612	649.676
27	571.294	585.011	598.728	612.445	626.162	639.878	653.596	667.313	681.030
28	598.728	613.129	627.534	641.936	656.339	670.741	685.145	699.548	713.949
29	627.534	642.657	657.780	672.903	688.025	703.149	718.271	733.394	748.517
30	657.780	673.658	689.538	705.416	721.296	737.174	753.054	768.933	784.812